

Fundur - 28. febrúar 2006

Ár 2006 þann 28. febrúar kl. 16:00 kom stjórn Barmahlíðar saman. Mættir allir aðalmenn auk nýs hjúkrunarforstjóra, Þuríðar Stefánsdóttur. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð síðasta fundar. Rætt um gerð rýmingaráætlunar vegna eldhættu.
- 2) Vaxandi þörf fyrir hjúkrunarrými í Reykhólahreppi. Þuríður lagði fram drög að bréfi sínu til heilbrigðisráðherra þar sem óskað er eftir neyðarhjúkrunarrými fyrir ölduð hjón í sveitarfélaginu og enn fremur hjúkrunarplássi fyrir þriðja einstaklinginn.

Samþykkt að senda bréfið og heimila umræddum hjónum að flytja nú þegar í Barmahlíð í lausa íbúð sem þar er á 1. hæð, norðurenda. Þanta þarf eitt til tvö hjúkrunarrúm.

- 3) Rætt um frágang á lofti á neðri hæð Barmahlíðar og svölum. Einnig um starfsmannamál. Auglýst verður eftir sjúkraliða og fleiri starfsmönnum í fjölmiðlum 4. mars.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:55

*Gústaf Jökull Ólafsson (sign)*

*Egill Sigurgeirsson (sign)*

*Björk Bárðardóttir (sign)*

*Þuríður Stefánsdóttir (sign)*

*Einar Örn Thorlacius (sign)*